


Leiðvallarþingi 21. september 1695



Sólheimar ltre LL H^u. Hér eru myndir og texti úr handritinu AM 463 fol. Það eru skýrslur sýslumanna landsins 1695 til 1697. Skráninguna fyrir Skaftafellssýslur gerðu bræðurnir; sýslumennirnir, Ólafur Einarsson og Ísleifur Einarsson, sem voru frá Felli í Mýrdal, skírðir og fermdir í Sólheimakirkju. Næst er eftirmáli þeirra á Leiðvelli í Skaftártungu – að þeirrar tíðar sýn.

Þesse hier ad framann skrifud Jardabók med hólldnum dýrleika landskulldum og Leigukúgilda tale, var upplesenn og samannbored. nu a Leydvallar þynge Anno 1695 þan 21 Dag Septembris vid medkenningar skriflegar, i originalz Jardabokinne under þeirra hórdum trulegra og veralldlegra, sem hier ádur tjád Klaustur, kóngs Jarde, Beneficia, kyrkna og Presta upphelldis Jarde með Hospitale og Christfie hallda að frátekinni handskrift klausturhaldarans hálfz Þyckvabæjar Mons Jóns Eijolfssonar þá yfirlýsa sýslumennirnir Ólafur Einarsson og Ísleifur Einarsson sig halldinn dýrleika, landskulld og leigukúgildi eftir gömlum jarðarbókum Innsett hafa sem og eftir þui er Truverdur sýslumaðurinn Ólafur Einarsson higgur landskulld og leigukúgildi á hér sögðum hálfz ? Þyckvabæjarklausturs jörðum vera, sem virdulegur Mons Jón Eijolfsson helldur til huórs lagfæringar Syslumenner setia, Þad sem hann sier hier uti, ofskrifad edur vanskrifad

En allann bændaeygnarinnar dýrleika, landskulldir og leigukúgildi sérdeilis það sérhvör í þeirri jörðu á, og hvörninn ádur af hvörjum hann hefur þá jörð fengið með synu Dato er sögðum sýslumönnum ómögulegt svo fliótt að fullgiöra, að það innfært og afgreindt verði fyrir næstkomandi Marteinsmessu. Því þeirrar nockrar bóndaeygnar eigendur eru bæði norðanlandz og í austfiörðum. Þo vilia þeir það mögulegt er efter herra Logmansens firerlagninngu í því seirinna brefe, sem hann hier um skrifar vidleitast efterganngast og næstkomande Alþynge afhendast lata, þad þeir framast hier uti afreka og þad í þessa Jardabok Jnnfæra, verði þeim það þá tilsagt, því nöfn jarðanna eru hér áður innkominn. Ad þetta suo sierhuad af Syslumónnunum underlagt En af oss tilnefndum þynngvitnismónnum Jatad seu til merkis vorar Eigenn handskrifter hier under settar. A Leidvallarþyngi í Skaptártungu þan 21 Dag Septembris Anno 1695.

Pall Biarnason meh, Jon Eirijxsson eh, Einar Stephansson meh Sigurdur Jonsson meh Thorbergur Thorsteinsson Mp Hune Oddsson meh Jon Þorsteinsson meh

Ad þessi jardabók er af oss undirskrifuðum með soddann Moti uppsett og samantekin hvöria vör sendum til veðöla og velbyrðigs hr Amtmannsins fullmegtugs Mons Jóns Eiolfssonar hvoriu til merkis við skrifum vor nöfn með eiginhöndum og vorum signetum hjá bryktum Á Leyðvelli í Skaptártungu Dag 21 Septemb Anno 1695

De Jof. Jadahol fr af of skolen i Skudum med Sore
an Moli Wppstet og Bonnamalen. Hveria Wix Sundum la
Wendla og Wd byddigs her Amtmannen fullmægtig
Monsⁿ Jost Eidebohnar. Hveria die Mortis vid skole
mede Wdskolen med rigtigheden og liden Vignatium hiasjort
min La Geydwelli z Skaptar Tungu Dag 21 Septembr
Anno 1695
Skaptur Emanson Eg. Jof. Jadahol Emanson mrg
LS LS

Um haustið 1695 vannst ekki tími til að fá kópíur af öllum eignaskjölum eignamanna, sem bjuggu í fjarlægum héruðum. Þar má nefna eignarbréf Skógverjans Páls “elsta” Ámundasonar prófasts á Kolfreyjustað. Hann var einn af auðmönnum landsins og átti um 20 jarðarhundruð í Skaftafellssýslum. Eins er líklegt að í eftirmálanum séu sýslumennirnir að vísa til Helgu Jónsdóttur á Hofi á Höfðaströnd, en hún var einn eigandi Dyrhóla.

Þeir sýslumenn töldu að Jarðabókin 1695 fyrir Skaftafellssýslur gerði ekki næga grein fyrir eignarhaldi á allri bændaeign. Þann 19. maí 1697, hálfu öðru ári eftir þingið á Leiðvelli ljúka þeir bræður verkinu fyrir sinn arfakóng. Hér kemur eftirmálinn að Jarðabókinni 1697:

19 Maj, Anno 1697.

Lassur. Dyrnag M. J. G. L. P. C. B. A. M.



20



Þessi fyrrskrifud jardabók er enn að nýju Anno 1697 yfir alla Skaftafells sýslu uppskrifud, ítrekud og endurnýjud, hvað við höfum látid undir þann sídasta afhendingar tíma bíða uppá það ef feingid hefðum andsvar úr öðrum sýslum um bændeignanna adkomst. hvar á helst hefur stadid jardabokena að fullgjöra, og enn nú stendur í nokrum stöðum þar datum tilvantar.

Eru hér nú innfærðar allar þær jarðir með dýrleika, landskuldahæð og kúgildum, sem í þeirri af oss skrifadri jardabókar uppskrift stóðu er velburðugs herra amptmannsins fullmeztugum sendum Anno 1695. Enn það þar í vantadi og síðan hefur uppspurst edur hjá eignarmönnum feingist þá er það nú í þessa innfært, hvað og velflest stóð í þeirri bændaeygnar uppskrift sem framlögð var á næstlidna alþingi. Þar sem sýnist í þessari jardabók færri kúgildi með kirkjustöðunum enn af þeirri í fyrra sjá má, þá er þar velmerkjandi nær saman er lesid að þau kirkjukúgildi eru nú adgreind til undirliggjandi kirkjujarda. Item um þær jarðir Raudháls og Steyg sem ei stóðu nefndar í þeirri fyrri uppskrift, þá hafa þær áður í gömlum jardabókum verid með Dyrhólum reiknadar, enn nú eru þær adgreindar og undir kirkju eign Dyrhóla auglýstar. Kunni enn nokkud í þessum jardabókum misskrifad finnast, þá viljum við þar á leidrétting eiga, sem fyrir hefur valldid einfölld yfirsjón enn ásetningur, ef finnst.

Öllu fyrrskrifudu til merkis eru okkar nöfn hér undirskrifud og venjuleg signet hjá þrikt að –

Þyckvabæjarklaustre í Álfstaveri.

19 Maíj, Anno 1697.

Ólafur Einarson meh Ísleifur Einarsson meh

Eftirmálinn innsiglar í orðsins fyllstu merkingu lögmæta sýn stjórnvaldsins á dýrleika jarða: Að eignarhald, eignabréf og dýrleiki jarðeigna séu órjúfnlega saman bundin. Eignabréfin voru frumskjöl og jarðabækur voru afleidd skjöl. Gaddavír var þá ekki til og landskipti því fátíð. Ef til þeirra kom voru hlutaskipti á óskiptri sameign samkvæmt eignabréfum, en ekki jarðabókum.

Á tuttugustu öld setti löggjafinn lög, sem voru þvert á röklega hugsun og eru því ólögmæt. Slumpsölumöt eru látin ráða við eignaskiptingu.